

Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Lárusar H. Bjarnasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Lárusar H. Bjarnasonar, og er hann stofnaður með gjöf Lárusar H. Bjarnasonar hæstaréttardómara hinn 6. desember 1933, en þá var nýlega liðinn aldarfjórðungur frá setningu lagaskólans (1. október 1908).

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og stendur undir stjórn lagadeildar háskólans með þeim hætti, er hér segir á eftir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, kr. 1.000,00 – eitt þúsund krónur –, skal vera geymt í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands til ævarandi ávöxtunar. Við stofnféð skal árlega leggja að minnsta kosti $1/4$ – fjórðung – ársvaxta sjóðsins. Svo skal og leggja við stofnféð afgang þann, er óúthlutað kynni að verða ár hvert, af fé því, er til úthlutunar gæti komið samkv. 4. gr., og annað fé, er sjóðnum kynni að áskotnast. Stofnféð má aldrei skerða.

4. gr.

Allt að $3/4$ – þremur fjórðungum – af vöxtum sjóðsins ár hvert má úthluta sem styrk til efnilegs og fátæks nemanda í lagadeild háskólans, eins eða fleiri. Kennarar lagadeildarinnar hafa úthlutunina með höndum.

5. gr.

Reikning sjóðsins skal gera árlega, og skal hann endurskoðaður með sama hætti og reikningar annara sjóða háskólans. Reikninginn skal birta í Árbók háskólans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild stjórnartíðindanna.